



Lúxemborg, 22. febrúar 2002

Fréttatilkynning 02/02

Dómur EFTA-dómstólsins í máli E-1/01: *Hörður Einarsson gegn Íslenska ríkinu*

Í ráðgefandi álitum sem látið var í té í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að reglur landsréttar, sem mæla svo fyrir að lagður skuli hærri virðisaukaskattur á bækur á erlendum málum en á máli EFTA-ríkis, væru andstæðar 14. gr. EES-samningsins. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði óskað eftir ráðgefandi álitum um þetta efni í tengslum við mál sem þar er rekið milli Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns og íslenska ríkisins.

Ágreiningurinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur varðar reglur sem fram koma í íslensku lögunum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. lög nr. 111/1992, einkum 14. gr., þar sem gert er ráð fyrir að lagður skuli 14% virðisaukaskattur á bækur á íslensku, en 24,5% á bækur á öðrum málum.

Hörður Einarsson hafði í nokkur skipti keypt frá útlöndum bækur á erlendum málum til einkanota. Í samræmi við ákvæði 14. gr. virðisaukaskattslaganna var lagður á þær 24,5% virðisaukaskattur. Hörður bar brögður á lögmæti þess að leggja hærri virðisaukaskatt á bækur á erlendum málum en á bækur á íslensku, en íslensk tollyfirvöld höfnuðu því. Hörður höfðaði þá mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hann heldur því m.a. fram að íslensku reglurnar um virðisaukaskatt á bækur séu andstæðar EES-samningnum. Héraðsdómur Reykjavíkur ákvað að óska eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins varðandi þetta álitafni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að bækur á íslensku og bækur á erlendum málum væru, a.m.k. að hluta til, í samkeppni og að mismunandi virðisaukaskattsþrep fæli í sér óbeina vernd innlendra framleiðslu í skilningi 14. gr. EES-samningsins. EFTA-dómstóllinn féllst ekki á þá röksemd að reglur þessar yrðu réttlættar með vísan til þeirra almennu hagsmuna sem felist í því að efla og vernda íslenska tungu. Dómstóllinn tók þó undir það sjónarmið að vernd þjóðtungna hefði mikla menningarlega þýðingu, en taldi að EES-samningurinn hefði ekki að geyma ákvæði sem unnt væri að beita til að réttlæta frávik frá 14. gr. hans. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að umræddar reglur í íslensku virðisaukaskattslögunum væru ósamrýmanlegar 14. gr. EES-samningsins.

Dómurinn í heild er að finna á íslensku og ensku á vefsíðunni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.